

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

138. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 16. janúar kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Pingeyjarsveit:

Til kynningar:

- a) Sorpsamlag Pingeyinga – Mat á leiðum og kostum við sorphirðu:
- b) Fundargerð Sorpsamlags Pingeyinga ehf. frá 19.12.2013:
- c) Fundargerð 15. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- d) Fundargerð 19. fundar Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar ehf.
- e) Fundargerð 811. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- f) Fundargerð 158. fundar stjórnar HNE:
- g) Fundargerðir 40., 42., 43. og 44. fundar stjórnar DA:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 2. lið; Ósk um umsögn vegna takmörkunar á umferð hrossa á verndarsvæði Mývatns og Laxár, milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal.

Samþykkt samhljóða.

2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit:

Samkvæmt 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem tóku gildi 1. janúar 2012 skal sveitarstjórn setja sér siðareglur og senda innanríkisráðuneytinu til staðfestingar. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Ólínu Arnkelsdóttur og Árna Pétri Hilmarssyni auk sveitarstjóra falið að vinna að drögum um siðareglur og leggja fyrir næsta fund.

3. Ósk um umsögn vegna takmörkunar á umferð hrossa á verndarsvæði Mývatns og Laxár, milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Umhverfisstofnun þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar á takmörkun á umferð hrossa á milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. Í bréfinu segir: „Reiðleiðin milli Ljósstaða og Brettingsstaða er falleg leið. Hundruð og jafnvel þúsund hross fara leiðina á hverju ári. Ástand reiðleiðarinnar er hinsvegar þannig að það er óásættanlegt vegna gróðurskemmda af völdum hrossa. Landeigendur hafa óskað eftir því að leiðinni verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa“

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, getur Umhverfisstofnun tekið ákvörðun um að takmarka umferð hrossa um svæðið. Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um eftirfarandi takmörkun á umferð:

- Óheimilt verður að fara með lausa hesta um svæðið.
- Ekki verður heimilt að fara með meira en tvo hesta til reiðar um svæðið.

Þá er gert ráð fyrir að svæðið verði tekið út á hverju ári og ákvörðun um frekari opnun eða lokun tekin út frá ástandi svæðisins. Umhverfisstofnun mun þá kynna ákvörðunina sérstaklega til allra hestamannafélaga landsins sem og ferðaþjónustuaðila sem eru með hestaferðir.

Sveitarstjórn vísar erindinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar.

Til kynningar:

- a) Sorpsamlag Þingeyinga – Mat á leiðum og kostum við sorphirðu, skýrsla unnin af EFLU verkfræðistofu í desember 2013:
- b) Fundargerð Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 19.12.2013:
- c) Fundargerð 15. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga:
- d) Fundargerð 19. fundar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.
- e) Fundargerð 811. fundar stjórna Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- f) Fundargerð 158. fundar stjórnar HNE:
- g) Fundargerðir 40., 42., 43. og 44. fundar stjórnar DA:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:00

Ólína Arnkelsdóttir

Eiður Jónsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson